

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2019

Efni: Álit um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, þingskj. 1238 – 778 mál.

Við lestur þessa frumvarps vakna fjöldamargar spurningar um ágæti þess. Hér á eftir verður þó aðeins dregið á örfá atriði.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, felur í sér veigamiklar breytingar á stjórnsýslu þeirra svæða sem undir það falla eða kunna síðar að verða felldar undir stjórnsýslu fyrirhugaðrar Þjóðgarðastofnunar og hverfa þá jafnframt undan stjórnsýslu viðkomandi sveitarfélaga.

Sú þróun, að meira og meira land hverfi undan stjórnsýslu sveitarfélaganna í landinu og fari undir stjórnsýslu ríkisstofnana er að margra mati engan vegin æskileg. Sú stjórnsýsla hefur oftlega reynst óhóflega þung í vöfum og ákvarðanir hennar engan vegin í samræmi við vilja og skoðanir heimamanna, sem telja sem flesta þætti stjórnsýslunnar best komna í höndum heimamanna, t.d. skipulagsvald svo aðeins einn þáttur sé nefndur.

Nokkuð óljóst virðist hvaða áhrif þetta frumvarp, ef að lögum verður, hefur á stöðu þeirra er landtengd réttindi eiga á umræddum svæðum. Sem gamalreyndum stjórnanda á sviði veiðimála hef ég þar sérstaklega í huga veiðirétt og stjórn á nýtingu hans, þar með talin umferð veiðimanna, gerð og viðhald vegslóða og uppbyggingu aðstöðu fyrir þá er veiðina nýta.

Í 13. gr. frumvarpsins er mælt svo fyrir að framkvæmd laga um verndun Laxár og Mývatns, sem eru sérlög um þetta svæði og af allt öðrum uppruna en lagaákvæði þau er um þjóðgarða og þorra annarra friðlýstra svæða gilda. Því má draga stórlega í efa að þau eigi heima undir stjórnsýslu hinnar fyrirhuguðu Þjóðgarðastofnunar. Sama mætti segja um fjölda svæða sem friðlýst hafa verið á margvíslegum forsendum, oftast ólíkum þeim sem lagðar hafa verið til grundvallar við stofnun þjóðgarða.

Frumvarpið gerir ráð fyrir nýrri yfirstofnun umhverfismála. Draga má í efa að þörf sé fyrir slíka stofnun. Í ljósi þess að um viðamiklar grundvallar breytingar er að ræða, þá er lagt til að málinu verði frestað um sinn og öllum sem hagsmuna eiga að gæta gefinn kostur á lengri umþóttunartíma.

Virðingarfyllt.
Jón Benediktsson
Auðnum
641 Húsavík.